

Kaldrananeshreppur
Jenný Jensdóttir
Holtagötu
520 Drangsnæs



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. nóvember 2014
Tilvísun: UST20141000155/ksj

Tillögur að deiliskipulagi, Drangsnæsi, Kaldrananeshreppi.

Vísað er til erindis Kaldrananeshrepps er barst 16. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Drangsnæs. Tillagan er á alls átta uppráttum.

Fráveita

Í deiliskipulagstillögunum kemur fram að veitukerfi eru fyrir hendi. Einnig kemur fram í deiliskipulagstillögu A að unnið sé að hagræðingu á fráveitukerfinu þar sem þess er þörf. Umhverfisstofnun bendir á að frárennsli skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp m.s.b.

Deiliskipulag svæði G

Svæði G er 12 ha og er áætlað sem hafnarsvæði og iðnaðarsvæði fyrir hafnsækinn iðnað. Engar upplýsingar eru um gróður á svæðinu en fram kemur að þar eru ekki náttúruminjar.

Deiliskipulag svæði D

Viðfangsefni deiliskipulags D er að átla m.a. nýjar lóðir við Grundargötu, sem eru sagðar iðnaðarlóðir. Á svæðinu hefur byggst upp starfsemi tengd sjávarútvegi, en einnig starfsemi tengd ferðapjónustu, þar sem í tillögunni er gert ráð fyrir gistihúsum á lóð nr. 17.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. skipulagsreglugerð er á iðnaðarsvæði gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjur, virkjanir, skólpdælur- og hreinsistöðvar, brennslustöðvar o.fl sjá gr. 6.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Umhverfisstofnun bendir á að hætta er á að slíkur iðnaður svo nálægt gistihúsum fyrir ferðamenn henti mögulega illa m.t.t. sjónrænna áhrifa, hávaða, lyktar- og loftmengunar og almennrar upplifunar ferðamanna. Umhverfisstofnun bendir á að skilgreiningin athafnasvæði eigi mögulega betur við, en þá er átt við atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði o.s.frv. Umhverfisstofnun bendir einnig á að mikilvægt er að halda í náttúrulegt ástand fjörunnar ef þess er nokkur kostur og útivistargöngustíg meðfram, ekki síst ef ætlunin er að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn í sveitarfélaginu.

Deiliskipulag svæði C


Svæði C er um 4 ha að stærð og er við Grundargötu. Þar er m.a. gert ráð fyrir einbýlishúsum sjávarmegin við götuna. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að aðgengi almennings sé meðfram fjörunni/sjóvörn. Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 í gr. 5.2.3.14, skipulag við vötn, ár og sjó kemur eftirfarandi fram: "Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m." Umhverfisstofnun tekur undir hverfisvernd "Kerlingarinnar" og telur afar jákvætt að útivistarsvæði fyrir almenning er tengt sundlaugarlóðinni.


Deiliskipulagssvæði A

Fram kemur í greinargerð að svæðið er að mestu uppbyggt og eina áætlaða nýbyggingin er lítið hús fyrir Hitaveitu Drangsness, einlyft og hámar 60 m². Einnig kemur fram að sunnan við Aðalbrautina eru staðsettir þrír heitir pottar til afnota fyrir almenning. Athuga þarf að rekstur heitu pottanna þarf að vera í samráði við heilbrigðisfulltrúa.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við ofangreindar deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri